

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 215/2018

2021/EES/21/08

frá 26. október 2018

um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) og XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) ⁽¹⁾.
- 2) X. og XVIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012) í X. viðauka við EES-samninginn:

„— **2014 L 0067:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 (Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 11).“

2. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 30a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/17/EB) í XVIII. viðauka við EES-samninginn:

„30b. **2014 L 0067:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn („reglugerðin um IM-upplýsingakerfið“) (Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 11).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í c-lið 3. mgr. 4. gr., að því er varðar EFTA-ríkin, gilda orðin „skv. reglugerð (EB) nr. 593/2008 (Róm I) og/eða Rómarsáttmálanum“ ekki.“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2014/67/ESB, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast 27. október 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 159, 28.5.2014, bls. 11.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. október 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Oda Helen Sletnes

formaður.

Yfirlýsing EFTA-ríkjanna**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2018 sem fellir
tekur 2014/67/ESB upp í EES-samninginn**

Tilskipun 2014/67/ESB frá 15. maí 2014 um framfylgd tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu gerir ráð fyrir ákvæðum um framfylgd milli landa vegna fjárhagslegra stjórnsýsluviðurlaga og sekta. Innleiðing þessarar tilskipunar er gerð með fyrirvara um innleiðingu gerða í framtíðinni sem innihalda ákvæði um framfylgd milli landa vegna fjárhagslegra stjórnsýsluviðurlaga og sekta.